

Dalvíkurskóli

Hugarþjálfun er líkamsrækt hugans
Þróunarverkefni í Dalvíkurskóla
Skólaárið 2017 – 2018

Verkefnastjóri Gunnhildur Birnisdóttir

Númer samnings: 21

Inngangur

Verkefnið Hugarþjálfun er líkamsrækt hugans var þróað í Dalvíkurskóla skólaárið 2017-2018. Verkefnið fólst í því að búa til ferla og námsefni til að efla vinnsluminni og vinnsluhraða hjá nemendum. Einnig að skipuleggja markvissa kennslu fyrir þá nemendur sem hafa skorað lágt í vinnsluminni og vinnsluhraða í þroskamati og þá nemendur sem komið hafa illa út í lesskilningsverkefninu Orðarún í 3 og 4. bekk.

Nú þegar verkefninu er lokið eru til verkferlar um þjálfun og verkefnabanki sem nýtist til þjálfunar vinnsluhraða og vinnsluminnis. Verkefnastjóri var Gunnhildur Birnisdóttir, verkefnastjóri sérkennslu á yngra stigi Dalvíkurskóla. Samvinna var við umsjónarkennara í 1.- 4. bekk og Bergljótu Jónsdóttur sérkennara.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir markmiðum verkefnisins, þeim leiðum sem farnar voru til að ná þeim, hindrunum sem urðu á veginum og fráviki frá upphaflegri áætlun. Að lokum verður sagt frá hvernig til tókst og þeim áhrifum sem verkefnið hefur haft og í fylgiskjali í lokin er sýnishorn af verkefnum sem urðu til við þróun verkefnisins.

Markmið og afrakstur

Samkvæmt umsókn voru markmið þróunarverkefnisins:

- Að þróa árangursríkar kennsluaðferðir til að efla vinnsluminni, vinnsluhraða og athygli nemenda.
- Að til verði hugmyndabanki og kennsluskipulag fyrir kennara til að efla vinnsluminni, vinnsluhraða og athygli nemenda í 1. til 4. bekk.
- Að efla lesskilning nemenda í 1. til 4. bekk.

Áætlaður afrakstur:

- Að til verði verkferlar þar sem markvisst er unnið að því að bæta vinnsluminni og vinnsluhraða nemenda í 1. til 4. bekk
- Að til verði hugmyndabanki með árangursríkum kennsluaðferðum til að efla vinnsluminni og vinnsluhraða nemenda sem kennarar geti nýtt sér í kennslu í 1. - 4. bekk.

Tilgangurinn var að þjálfva vinnsluminni nemendanna og gera þá betur í stakk búna við að takast á við námsverkefni s.s. lesskilning.

Skoðaðar voru niðurstöður vinnsluminnis og vinnsluhraða úr þroskamati þeirra nemenda í 1.- 4. bekk sem slík gögn voru til um og frá lesskilningsprófum sem

lögð hafa verið fyrir í 1. - 4. bekk, s.s. Orðarún. Íhlutun var sett af stað hjá hluta þeirra nemenda sem þessi gögn sýndu að stóðu höllum fæti. Sérkennarar sinntu nemendum einstaklingslega a.m.k. tvisvar sinnum í viku um það bil 20 mínútur í senn í misjafnlega margar vikur. Sem dæmi fékk einn nemandi tvisvar sinnum 20 mínútur í 6 vikur og annar nemandi tvisvar sinnum 20 mínútur í 12 vikur.

Minnisþjálfun var sett markvisst inn í stöðvarvinnu hjá 1. og 2. bekk í formi spila og ýmissa verkefna. Í þeim árgöngum voru einnig nokkrum sinnum yfir veturinn lögð fyrir verkefni sem reyna á samvinnu og minni. Má þar meðal annars nefna *Saman getum við meira* sem sótt var í gangabanka frá námskeiði um samvirkar námsleiðir sem Guðrún Pétursdóttir hélt í Dalvíkurskóla á skólaárinu. Fyrir áramót fólst vinnan aðalega í að búa til og máta ferla um hvernig koma mætti þessari vinnu markvisst fyrir innan dagskipulags bekkjanna. Niðurstaðan varð að best væri að taka þjálfunina inn í stöðvarvinnu á bekkjarvís með einni kennara-stýrðri stöð þar sem unnið væri að því að styrkja vinnsluminni. Hver hópur stoppar á þeirri stöð í 20 mínútur og lagt upp með að þetta næði yfir sex vikur þrisvar sinnum yfir veturinn. Einnig kom í ljós að gott væri að vinna þjálfunina innan sérkennslunnar, sem einstaklingsþjálfun eða í hópi tveggja til fjögurra nemenda. Við sáum líka möguleiki á að þjálfunin færi fram í yndislestrarstundum t.d. í tímabundnum lotum sem spönnuðu sex vikur í senn.

Eftir áramótin var vinnan fólgin í því að búa til verkefnabanka með fjölbreyttum verkefnum sem hægt væri að nota í vinnsluminnisþjálfuninni.

Verkefnið gekk að mestu vel eftir. Nokkrar þreifingar voru varðandi hvenær best væri að framkvæma þjálfunina. Niðurstaðan varð að best væri að setja hana inn í stöðvarvinnu hjá bekkjunum, einstaklingsvinnu eða litla hópa hjá sérkennara og jafnvel að einhverju leyti inn í yndislestrarstundir en yndislestur er daglega hjá 1.- 4. bekk og stendur 15 til 20 mínútur í senn. Þeir aðilar sem leitað var til með að vera með fræðslu um snemmtæka íhlutun höfðu ekki tók á að koma til okkar á þeim tíma sem hentaði okkur. Í Dalvíkurskóla hefur snemmtæk íhlutun mikið verið í umræðunni undanfarin ár í tengslum við hin ýmsu verkefni, þannig að kennarar eru vel upplýstir um mikilvægi hennar og mikilvægi íhlutunar almennt. Því var ákveðið að fresta því að fá fyrirlestur um efnið þar til í haust.

Nú eru til verkferlar sem fylgt verður við vinnsluminnisþjálfun hjá 1. -4. bekk og til að ákveða hverjir fá sérstaka íhlutun. Hjá þeim nemendum verður vinnsluminni og vinnsluhraði þjálfað tvisvar til þrisvar sinnum í viku í 15 til 20 mínútur í senn í sex vikna lotum tvisvar til þrisvar sinnum á skólaárinu.

Mappa með um 30 verkefnum sem nota skal til þjálfunar vinnsluminnisins í 1. - 4. bekk varð til á tímabilinu. Í möppunni er margskonar efni og hlutir til að þjálfna og styðja við nemendur sem eiga í erfiðleikum með að muna hluti, sjónrænar vísbendingar og munnleg atriði. Verkefnin eru hugsuð sem stuðningsefni við minnisþjálfunina inn í bekk og í einstaklingsvinnu.

Ekki er ljóst hverju íhlutunin hefur skilað í vetur en skoðaðar verða niðurstöður m.a. úr Orðarún til að sjá hvort frammistaða þeirra nemenda sem þátt tóku í vinnsluminnis- og vinnsluhraðaðþjálfuninni hefur tekið breytingum.

Mat á verkefninu

Áætlun um verkefnið reyndist raunhæf og nokkuð vel gekk að fylgja henni.

Í september 2017 var kynning fyrir öllum kennurum í 1. - 4. bekk þar sem fjallað var um tilurð verkefnisins og farið var í umfjöllun um mikilvægi íhutunar á fyrstu stigum skólagöngunnar. Mikil og góð umræða fór þar fram og mikill áhugi kom fram hjá kennurum að styðja við og vinna með þennan þátt hjá nemendum.

Í nóvember var öllum kennurum Dalvíkurskóla boðið á fyrirlestur um vinnsluminni sem Sigrún Heimisdóttir sálfræðingur hjá Sálfræðiþjónustu Norðurlands hélt. Fyrirlesturinn bar heitið „Vinnsluminni og þjálfun hugans.“ Mjög áhugaverður fyrirlestur sem tók vel á þeim þáttum sem skipta máli þegar hugað eða að þjálfun vinnsluminnis/minnis.

Niðurstöður verkefnisins

Þau markmið sem sett voru í upphafi náðust að mestu leyti. Það náðist að gera verkferla og verkefnamöppu með fjölbreyttum verkefnum til þjálfunar. Niðurstaðan varð að best væri að setja þjálfunina inn í stöðvarvinnu hjá bekkjunum, einstaklingsvinnu eða litla hópa hjá sérkennara og jafnvel að einhverju leyti inn í yndislestrarstundir en yndislestur er daglega hjá 1.- 4. bekk og stendur 15 til 20 mínútur í senn. Tíminn mun leiða í ljós hvort næst að bæta vinnsluminni og lesskilning nemenda en með markvissri vinnu eftir því skipulagi sem til varð vonumst við til að svo verði og að það skili sér síðan í betri námsárangri.

Mikil vitundavakning hefur orðið meðal starfsmanna skólans í gegnum þessa vinnu um hversu mikilvægt það sé að efla og þjálfna vinnsluminnið hjá nemendum. Bekkjarkennarar í eldri árgöngum Dalvíkurskóla, allt upp í unglingságeild, hafa tekið upp að þjálfna vinnsluminni hjá nemendum með ýmiss konar minnisleikjum.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins

- Kynning á BKNE þingi haustið 2018.
- Kynning á haustráðstefnu HA.
- Skrifa grein í Skólapræði.



Gunnhildur Birnisdóttir

Fylgiskjal 1

Sýnishorn af verkefnum til að þjálfva vinnsluminni.



Að muna myndir; nemandinn horfir á myndirnar í 10 til 15 sek, þá er myndunum snúið á hvolf og nemandinn á að reyna að mynd hvar er hvaða mynd, eða nefna þær í réttri röð.



Að muna hluti; hlutir settir á borð, nemandinn horfir á hlutina í 10 sekúndur. Dula sett yfir hlutina og kennari fer með hendina undir duluna og tekur einn hlut. Dula tekin af hlutunum og nemandinn spurður hvaða hlutur var tekinn af borðinu.



Horfa á mynd og muna: nemandinn fær 10 sekúndur til að horfa á myndina, hann á að reyna að leggja hana eins mikið á minnið og hann getur. Myndinni síðan snúið við og spurt er spurninga um atriði á myndinni. Ef nemandinn getur svarað öllum spurningunum fær hann myndina til sín, annars fer hún aftur í bunkann og næsta mynd er tekin. Unnið er með ca 10 myndir í einu.